

Nr. 38/1897:

Hið opinbera
 gegn
 Guðmundi Einarssyni

Dómur:

Með brjefi, dags. 7. jan. þ. á., gaf sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu út bann gegn því, að menn í Seltjarnarneshreppi færu út í útlend botnvörpuskip, nema því að eins að hlutaðeigandi skipstjóri væri búinn að sýna lögreglustjóra skjöl skipsins í þeirri ferð skipsins hingað að landinu frá útlöndum, og á þetta bann sýslumannsins, sem hann lét hreppstjóra birta hrepps-
 búum, fjellst amtmaðurinn í Suðuramtinu með brjefi dags. 20. jan. þ. á. Eftir útkomu banns þessa og birtingu fór kærði, Guðmundur útvegsbóndi Einarsson í Nesi, út í útlent botnvörpuskip við 9. mann, tvær ferðir laugardaginn 24. apríl þ. á. og eina ferð daginn eftir, og sótti þangað fisk, sem botnverpingar seldu honum eða gáfu, og enn fór hann nokkru seinna út í botnvörpuskip og tók þá skipstjóra í land með sjer; gekk skipstjóri inn í Reykjavík, er hann var kominn á land, og flutti kærði hann út í skip sitt daginn eftir. Fyrir þetta var höfðað mál gegn kærða fyrir lögreglurjetti Kjósar- og Gullbringusýslu og var málið dæmt þar 19. júlí þ. á. þannig, að kærði fyrir óhlýðni við framangreint bann og »lög þau, er það byggist á«, með því að fara út í botnvörpuskip, og fyrir hlutdeild í broti gegn

fyrirmælum laga 17. desbr. 1875, um fiskiveiðar útlendra við Ísland, með því að flytja skipstjóra botnvörpuskipsins í land, var dæmdur í 60 kr. sekt til landssjóðs og til að greiða allan kostnað málsins. En dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.

Framan nefnt brjef sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 7. jan. þ. á. hefur eigi verið lagt fram í málinu, en dómarrinn tjáir það í dómi sínum »byggt á almennum sóttvarnarfyrirskipunum«. Með fyrjtjedu atferli sínu verður eigi sjæð, að kærði hafi gjörzt brotlegur gegn sóttvarnarlögum þeim, er í gildi eru, því síður sem alls óvist er, nema botnvörpuskip þau, sem hjer ræðir um, hafi áður í sömu ferðinni verið búin að sýna skjöl sín í höfn hjer á landi, en bann sýslumanns gat eigi verið sjálfstæður grundvöllur til að byggja á refsidóm yfir kærða. Með því að heldur eigi verður sjæð, hvernig kærði hefur með því að flytja í land skipstjóra af botnvörpuskipi, sem ætla verður að hafi verið að veiðum úti í Faxaflóa, án þess nokkuð sje upplýst um það, að það hafi verið í landhelgi, gjört sig sekan í hlutdeild í broti gegn fyrirmælum laga 17. desbr. 1875 um fiskiveiðar útlendra við Ísland, verður að dæma kærða sýknan með öllu af kæru hins opinbera í máli þessu. Allan kostnað málsins, bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, ber að greiða úr landssjóði, þar með talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákvedast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið víta-
laus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Guðmundur Einarsson í Nesi á að
vera sýkn af kæru hins opinbera í máli
þessu. Allur af málinu bæði í hjerði og
fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður, þar með
talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda
og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hall-
dórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar
Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra,
greiðist úr landssjóði.

Nr. 40/1897:

Hið opinbera

gegn

Arnbirni Ólafssyni, Þorkeli Þor-
kelssyni, Sigurfinni Sigurðssyni,
Bjarna Jónssyni og Guðmundi
Árnasyni.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins yfir Suduramtinu,
dags. 11. maí þ. á., sem þinglesið var á mann-
talsþingum í Vatnleysustrandar- og Rosmhvala-
nesshreppum var staðfest og ítrekað bann hlut-
aðeigandi sýslumanns, er hann hafði útgefið 7.
jan. þ. á. gegn því að menn í nefndum hreppum
færu út í útlend botnvörpuveidiskip, er eigi væru
búin að sýna lögreglustjóra skjöl sín í þeirri ferð